



Ályktun bæjarstjórnar Akraness um nauðsyn tafarlausra viðbragða samgöngufirvalda vegna ástands vegkaflans á Kjalarnesi

Bæjarstjórn Akraness skorar á samgöngufirvöld að bregðast nú þegar við ástandi Vesturlandsvegar á Kjalarnesi og veita frekari fjármunum til nauðsynlegra úrbóta vegna tvöföldunar vegkaflans. Ljóst er að við núverandi ástand verður ekki unað og vegamálastjóri hefur sjálfur stigið fram og sagt vegkaflann hættulegan og brýnt að aðskilja akstursstefnur. Þegar æðsti embættismaður vegamála á Íslandi lýsir því yfir að banaslys á tilteknum vegkafla sé kannski ekki mjög óvæntur atburður þá verður að bregðast við því með viðeigandi hætti.

Í Samgönguáætlun 2015-2018 er gert ráð fyrir 700 milljónum króna til endurbóta á Vesturlandsvegi. Þrátt fyrir auknar fjárveitingar í þágu umferðaröryggis í nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi, er vegkaflanum um Kjalarnes raðað enn aftar í röðina en áður og einungis gert ráð fyrir að verja 200 milljónum til endurbóta með uppbyggingu hringtorgs við Esjumela, sem verður það áttunda í röð hringtorga frá Keldnaholti að Esjumelum.

Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa margsinnis undanfarin ár vakið athygli á brýnni nauðsyn þess að framkvæmdum á Vesturlandsvegi verði hraðað umfram þær áætlanir sem þó birtast í langtímasamgönguáætlun. Það er með öllu óviðunandi að árið 2018 sé enn verið að keyra Vesturlandsveg sem einu einbreiðu og óupplýstu þjóðleiðina út úr Reykjavík og er það ástand ekki í samræmi við áherslur stjórnvalda um forgangsröðun í þágu umferðaröryggis.

Akranesi, 9. janúar 2018

Sigríður Indriðadóttir
Ólafur Ólafsson
Vilhjörg P. Guðbjartsdóttir
Fuglþjórg Lóruadóttir

Rakel Óskarsdóttir
Valgerður G. Jónsdóttir
Fuglþjórg Valdimarsd.
Kristjana H. Stefánsdóttir
Einar Benediktsson